

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Mörkin 8, aðkoma og byggingarreitur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. júlí 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 8 við Mörkina. Ný, sameiginleg aðkoma er gerð fyrir lóðirnar nr. 6 og 8 og byggingarreitur lóðar nr. 8 stækkaður.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 31. ágúst 2000.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

*Lóðin Suðurtún 7.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsráð Bessastaðahrepps þann 17. ágúst 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Suðurtúns 7 í Bessastaðahreppi. Breytingin er í fölgin í stækkun ytri byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 23. ágúst 2000.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. apríl 2000 var samþykkt til-laga að breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits.

Um er að ræða breytingu á lóðamörkum lóðanna Háholts 16 og Skagabrautar 21.

Farið hefur verið með breytingu þessa samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og bygg-ingarlaga nr. 73/1997 og var leitað álits íbúa aðliggjandi lóða.

Grenndarkynningu er lokið, engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn staðfestir að hún tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Framangreint deiliskipulag Arnardalsreits, Akranesi, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 23. ágúst 2000.*

**Hannes Sigurðsson** bygginga- og skipulagsfulltrúi.